




2015-2016

LAP – virkt tvítyngi grunnur að betri líðan og betri námsárangri

LINGUISTICALLY APPROPRIATE PRACTICE



A Guide
for Working
with Young
Immigrant
Children

Roma Chumak-Horbatsch

Verkefnisstjóri:

Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri

Lokaskýrsla

Nafn skóla:	Leikskólinn Krílakot Dalvíkurbyggð
Nafn verkefnis:	LAP – virkt tvítýngi grunnur að betri líðan og betri námsárangri
Nafn verkefnisstjóra:	Drífa Þórarinsdóttir
Númver verkefnis	UMS-15 2015-1016
Samstarfsaðilar:	Dalvíkurskóli og Dóróþea Reimarsdóttir sérfræðingur á fræðslusviði Dalvíkurbyggðar.

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

- Að efla þekkingu kennara/starfsmanna á tvítýngi og fjölmenningslegu skólastarfi.
- Að ýta undir virkt tvítýngi og þróa leiðir í vinnu með börnunum og foreldrum þeirra.
- Að styðja betur við tungumál barna og foreldra og ýta undir virkt tvítýngi.
- Að öllum tungumálum sé gert hátt undir höfði og unnið í tengslum við heimilin.
- Að auka færni barna í íslensku með því að styðja við börn og foreldra í að efla móðurmál sitt.
- Að börn og foreldrar verði færari í tungumálinu og betur undirbúin fyrir þátttöku í samfélaginu og til að hafa áhrif.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði - Krílakot


Byrjað var á því að allir kennarar og starfsfólk í leikskólanum lásu um aðferðarfræði LAP og þeir sem ekki treystu sér í að lesa á ensku fengu kynningu á bókinni og aðferðarfræðinni. Bréf voru þýdd og send til foreldra þar sem verkefnið var kynnt. Haldinn var fundur með kennurum og svo foreldrum til að kynna verkefnið og til að fá foreldra til liðs við okkur. Það mættu ekki margir foreldrar á fundinn en þeir sem mættu sýndu verkefninu mikinn áhuga og fengum við þakkir fyrir að kynna verkefnið og veita fræðslu um mikilvægi móðurmáls. Auglýst var eftir foreldrum sem vildu aðstoða við verkefnið t.d. við



LAP – virkt tvítyngi grunnur að betri líðan og betri námsárangri

þýðingar. Við fengum eitt foreldri frá hverju tungumáli inn í verkefnavinnuna. Foreldrar fengu orðalista senda heim, þýddu orðin og sendu aftur á kennarana í tölvupósti. Meðan foreldrar voru að þýða útbjuggu kennarar skilti/merkingar á hurðar og svæði. Notast var við plöstuð A4 blöð þar sem merking var á íslensku og mynd sem er lýsandi fyrir viðkomandi svæði. Þegar foreldrar höfðu þýtt orðin voru þau prentuð út og sett á spjöldin auk fána þess lands sem tungumálið er talað í. Þessi vinna gekk vel og foreldrar flestir fljótir að bregðast við. Ef barn með annað móðumál en íslensku byrjar í leikskólanum er byrjað á að kanna hvort merking sé til staðar og ef ekki eru foreldrar beðnir um að aðstoða við þýðingar svo tungumál barnsins sé á öllum merkingum og að skólinn verði læsilegur fyrir börn og foreldra. Auk þess að foreldrar þýddu orðin fengum við stafróf viðkomandi tungumála sent frá foreldrum, nöfn barnanna ef þau eru skrifuð á fleiri en einn hátt s.s. með táknum og einnig töluorðin frá 1-10. Stafrófið notum við til að bera saman ólíka stafagerð og töluorðin notum við til að hvetja börnin til að telja á sínu tungumáli. Kennararnir læra orð í tungumálum barnanna og hvetja börnin til að kenna sér og hinum börnunum hin ýmsu orð til að byggja brú milli tungumála.

Að lokinni undirbúningsvinnu við merkingar og öflun gagna hófst verkefnavinna. Hópstjórar undirbjuggu verkefni sem þeir unnu með börnunum og fengu foreldra til liðs við sig. Notast var við verkefni í LAP handbókinni. Sum þeirra hentuðu vel meðan önnur þurfti að aðlaga að skólanum og samfélaginu.



LAP – virkt tvítyngi grunnur að betri líðan og betri námsárangri

Kennarar komu líka með skemmtilegar hugmyndir að verkefnum sem unnin voru. Verkefnin gátu verið mjög einföld meðan önnur voru flóknari. Eitt verkefni var að fá foreldra í heimsókn til að lesa fyrir börnin eða syngja með þeim á sínu tungumáli og jafnvel koma með hljómdisk á mismunandi tungumálum til að hlusta á. Annað verkefni var þannig að börnin útbjuggu kærleikstré og komu börnin með kærleikskveðju að heiman sem foreldrar hjálpuðu þeim að skrifa á sínu tungumáli. Fjölskylduhús var enn annað verkefni þar sem börnin útbjuggu pappahús (veggspjald) og máluðu það. Þá var skrifað hvaða tungumál fjölskyldan talar, börnin útbjuggu fána landsins sem tungumálið er talað í og að lokum komu foreldrar með myndir af fjölskyldunni og skrifuðu nöfn allra og tungumál viðkomandi við myndirnar. Húsin voru ólík eftir deildum en eftir því sem börnin voru eldri voru húsin flóknari og höfðu að geyma fleiri upplýsingar. Foreldrum fannst gaman að skoða húsin með börnum sínum og stoppuðu foreldrar stundum við, ræddu um húsin, myndirnar og tungumál barnanna. Þeim fannst ánægjulegt að fá betri innsýn yfir hvaða tungumál börnin í leikskólanum tala. Mörg verkefni voru unnin og margar hugmyndir eru enn í vinnslu.



Unnið er að gerð verkefnamöppu fyrir kennara og er hugmyndin að sú mappa muni gefa nýjum og gömlum kennurum hugmyndir að verkefnum sem styðja við virkt tvítyngi.

Roma Chumak Horbatch, höfundur LAP, kom í maí 2016 og hélt fyrirlestur fyrir kennara og annað starfsfólk leikskólans. Hún kynnti bókina sína og var með fræðslu um mikilvægi virks tvítyngis í skólum, áhrif þess á líðan og námsárangur barna og áhrif þess á foreldra og fjölskyldur barnanna. Roma hafði tækifæri til að heimsækja leikskólann meðan á dvölinni stóð og var hún mjög ánægð með það starf sem fram fer í Krílakoti og viðhorf til fjölmennningar og virks tvítyngis. Vinna Krílakots með LAP er hluti af rannsókn sem Roma er að gera en hún er að kanna viðhorf kennara til bókarinnar og kennslu sem stuðlar að virku tvítyngi.

LAP – virkt tvítyngi grunnur að betri líðan og betri námsárangri

Frávik miðað við áætlun verkefnisins - Krílakot

Verkefnamappan sem við áætluðum að ljúka á haustdögum 2016 er enn í vinnslu. Í lok janúar verða tveir vinnufundir þar sem kennarar ætla að leggja lokahönd á að safna verkunum saman í möppu. Þá verður hún prentuð út og gormuð í nokkrum eintökum.

Áætlað var að vinna fleiri verkefni á haustönninni 2016 en þau urðu færri en áætlað var vegna nýbyggingarinnar og tímans sem fór í að koma ölu fyrir í nýju byggingunni.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins - Krílakot

Hindranir í vinnu verkefnisins voru ekki margar en stundum þarf lítið til að tímaáætlanir raskist. Byggt var við leikskólann á síðasta ári og tók tíma að koma okkur fyrir í nýbyggingunni í ágúst síðastliðnum. Það var tímafrekt að stilla upp skólanum, merkja allt uppá nýtt með LAP merkingunum okkar og ákveða hvernig við vildum sjá nýja skólann okkar og skipulag hans. LAP verkefnið fór samt fljótt á dagskrá og höfum við nánast lokið merkingum á svæðum að nýju og unnum skemmtileg verkefni í vetur. Breytingar hafa orðið í starfsmannahópnum og og hefur tekið tíma að koma nýju starfsfólki inn í verkefnið og hugmyndafræðina. Það kom því hugmynd að prenta út bréfin sem þýdd voru fyrir foreldra og ítarlega kynningu á verkefninu fremst í verkefnamöppuna til upplýsinga.

Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu – Krílakot

Það var jákvæðni gagnvart verkefninu frá kennurum og starfsfólki strax frá upphafi og áður en ákveðið var að leggja af stað í LAP verkefnið var fengið samþykki allra sem starfa í skólanum. Það er mikilvægt þegar unnið er að verkefni sem þessu að allir séu áhugasamir og virkir í allri vinnu. Þekking jókst í starfsmannahópnum á mikilvægi virks tvítyngis, mikilvægi þess að börnin tali sitt móðurmál og verði góð í því. Þögn tvítyngdra barna hefur oft verið í umræðunni og hafa margir hengt hana á að börnin séu að læra nýtt mál, þau þurfi tíma til að þora að tala og tíma til að læra nýja tungumálið. Auðvitað er það rétt að börnin þurfi tíma en það



LAP – virkt tvítyngi grunnur að betri líðan og betri námsárangri

er okkar mat eftir nokkurra ára vinnu með tvítyngdum börnum og fjölskyldum þeirra að eftir því sem þau eru öruggari og færari í sínu tungumáli, því fljótari eru þau að ná íslenskunni og eiga í samskiptum við börn og kennara í leikskólanum.

Foreldrar, kennarar, börn, fræðsluráð og aðrir sem að skólanum koma eru orðnir meðvitaðri um fjölda barna af erlendum uppruna, hvaða tungumál eru töluð í skólanum og hvað leikskólinn er að gera í fjölmeningarmálum enda hafa verið kynningar víða á verkefnum. Um 28% barna í Krílakoti eru tvítyngd og 6 kennarar en um 11 tungumál eru töluð í leikskólanum. Það er gaman að heyra börnin leika sér saman á sínu tungumáli en skipta svo yfir í íslenskuna ef fleiri bætast í hópinn sem ekki tala málið og skilja ekki leikinn. Öll börnin hafa notið góðs af vinnu með tungumálin og kunna mörg börnin einhver orð úr öðrum tungumálum.

Opnað var lítið bókasafn þar sem foreldrar og börn geta fengi bækur lánaðar heim. Flestar eru þær á íslensku en við eigum nokkrar bækur á pólsku og svo bækur án leturs sem gefur foreldrum tæifæri til að búa til sínar eigin sögur. Bókasafnið gafst vel og eru ávallt bækur í útláni. Sjá frétt heimasíðu:

<http://www.dalvikurbyggd.is/krilakot/frettir/baekur-ad-lani>

Við bjóðum uppá markvissa málörvun og mikla eftirfylgni fyrir tvítyngd börn í Krílakoti sem og önnur börn. LAP verkefnið hefur gefið okkur hugmyndir um nýjar leiðir að markmiðum sem miða að því að kortleggja læsiskennslu leikskólans og gera heildstæða stefnu í markvissri málörvun og stuðningi við virkt tvítyngi. Nú er verið er að skrá það sem unnið er á hverri deild og ætla kennarar skólans með aðstoð sérfræðings á fræðslusviði að útbúa áætlun um kennslu og mat á árangri.



LAP – virkt tvítýngi grunnur að betri líðan og betri námsárangri

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði – Dalvíkurskóli


Nýr 4 manna stýrihópur var skipaður haustið 2016 og var fundað einu sinni í mánuði. Fyrstu fundir voru nýttir til að kynna sér stöðu verkefnisins og hvað var búið að vinna síðasta vetur. Nú nær verkefnið til allra bekkja á yngsta stigi (1.-4. bekk) en allir árgangar taka þátt í hluta verkefnanna. Fyrri árið voru útbúin veggspjöld með fánum og heiti á mánuðunum og dögnum á tungumálum þeirra nemenda sem tilheyra fyrsta og öðrum bekk og það sett upp í kennslustofunum. Það gekk vel og voru útbúin samskonar veggspjöld fyrir þriðja og fjórða bekk á seinna árinu.

Eitt af fyrstu verkefnum nýja stýrihópsins var að stofna facebook hóp um verkefnið. Markmiðið var að ná betur til foreldra og fá þá til að taka þátt og vinna með okkur.

Sett var inn excel skjal þar sem foreldrar geta hjálpað til við þýðingar. Markmiðið var líka að virkja eldri tvítýngda nemendur til að aðstoða við þýðingarvinnu og merkingar.

Stýrihópurinn ákvað að lesa ritgerð sem Sigríður Gunnarsdóttir skrifaði um LAP í framhaldsnámi sínu síðastliðinn vetur til að efla skilning sinn á hugmyndafræðinni og fjölmennningarvinnu. Allt starfsfólk skólans var hvatt til að kynna sér ritgerðina til að fá einnig innsýn í verkefnið.

Lögð var áhersla á merkingar á öllum tungumálum skólans á sameiginlegum rýmum t.d. matsal, salerni og skrifstofur. Umsjónarkennarar allra bekkja voru beðnir um að senda upplýsingar til foreldra um facebook síðuna og verkefnið og hvetja þá til að taka þátt í þýðingum á orðalistunum. Þetta var til að virkja foreldra á eldra stigi inn í verkefnið. Á gangi skólans voru settir upp fánar og heiti mánaðanna á öllum tungumálum með það að markmiði að allir nemendur og kennarar



LAP – virkt tvítyngi grunnur að betri líðan og betri námsárangri

skólans verði meðvitaðir um þann fjölda tungumála sem töluð eru í skólanum og vekja athygli á verkefnum.

Heimasíða skólans hefur verið í umræðunni í stýrihópnum og hvaða leiðir séu færar til að gera hana fjölmenningslega. Ákveðið var að hafa aðgengilegt efni fyrir foreldra á heimasíðu skólans og hefur það verið rætt við tölvuumsjónarmann sem ætlar

að kanna hvaða leiðir eru færar. Verið er að safna saman efni eða netsíðum sem nýst geta kennurum og foreldrum barnanna sem síðan verða settar á heimasíðuna.


Nokkrar hugmyndir hafa komið upp um framhaldið á verkefnum:

- Að nemendur komi með bók að heiman á móðurmálinu sem þau kynna fyrir bekkjafélögum.
- Að nemendur komi með lög á sínu tungumáli.
- Að foreldrar og/eða nemendur sem flytjast frá öðrum löndum til Íslands sýna myndir og kynna land sitt, menningu og siði.
- Auglýsa eftir hugmyndum frá foreldrum og kennurum um skemmtileg verkefni sem mögulegt væri að vinna.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins – Dalvíkurskóli

Facebook síðan sem stofnuð var til að virkja foreldra hefur ekki virkað sem skyldi og þarf að finna fleiri leiðir til að ná til foreldra og hvetja þá til þátttöku við þýðingar og í verkefnavinnu.

Lagfæra þarf varðveislu gagna um verkefnið svo allir kennarar skólans hafi aðgang að því efni sem búið er að vinna.



Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu – Dalvíkurskóli

Það var ákveðið að fara rólega af stað í verkefnið og byrja í fyrsta og öðrum bekk og ef vel gengi að færa þá verkefnið upp í þriðja og fjórða bekk. Þetta gekk eftir sem er ánægjulegt og svo er markmiðið að verkefnið lifi áfram og færist upp í eldri bekk skólans, að LAP verði liður í starfsemi allra skólastiga þegar lengra líður. Allir kennarar skólans fengu fræðslu um LAP þegar Roma var með



fyrirlestur í skólanum í maí 2016 og svo hafa kennarar og starfsfólk skólans séð þær merkingar sem færst hafa út fyrir rými yngsta stigs. Umræða hefur skapast um fjölmennarlega kennsluhætti og virkt tvítyngi á öllum skólastigum. Með því að hefja vinnu á yngsta stigi er markmiðið að verkefnið eigi eftir að vaxa og dafna upp í aðrar bekkjardeildir á komandi árum.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn – Krílakot og Dalvíkurskóli

Í upphafi var kynning á LAP verkefninu fyrir foreldra og starfsfólk kynnti sér LAP handbókina. Næsta verkefni var merking á skólahúsnæði með aðstoð foreldra. Verkefni gekk vel og þegar búið var að merkja allt sem áætlað var í byrjun hófst verkefnavinnan með börnunum og foreldrum þeirra. Á starfsmannafundum var staðan tekin á verkefninu og kennarar beðnir um að segja frá þeim verkefnum sem búið var að vinna. Í skólunum var safnað myndum af þeim verkefnum sem unnin voru og skrifaðar verkefnalýsingar sem nú er verið að taka saman og setja saman í verkefnamöppu. Á stjórnarfundum í leikskólanum var staðan tekin á verkefninu og gerð grein fyrir henni í fréttabréfum til starfsfólks með hvatningarorðum og hrósi fyrir þau verkefni sem unnin voru. Verkefnisstjóri ræddi reglulega við Romu, höfund LAP, á skype og fór yfir stöðu mála.

Metin var virkni foreldra með þátttökuskráningu. Betur gekk að fá foreldra leikskólabarnanna til liðs við verkefnið heldur en foreldra grunnskólabarnanna. Notaðar voru ólíkar aðferðir við vinnslu þýðinga þ.e. leikskólinn hélt fund meðan Dalvíkurskóli notaðist við facebook síðu og tölvupósta sem gæti hafa verið ástæðan. Ástæðan fyrir að betur gekk að ná til foreldra í leikskólanum gæti

LAP – virkt tvítyngi grunnur að betri líðan og betri námsárangri

líka verið nándin sem starfsfólk leikskólans hefur við foreldra dag hvern þegar komið er með börnin og þau sótt.

Í foreldrakönnun nú í mars verða spurningar hvað varðar LAP verkefnið. Spurt verður hvort foreldrar þekki LAP verkefnið eða hafi tekið þátt í verkefninu á einhvern hátt og kannað viðhorf þeirra til verkefnisins. Niðurstöður verða birtar samhliða heildarniðurstöðum foreldrakönnunarinnar.

Það er mat okkar að verkefnið hafi haft góð áhrif á skólastarfið og hafi breytt ákveðnum vinnuháttum og viðhorfi kennara og annars starfsfólks, foreldra og annarra sem að skólanum koma.

Niðurstöður verkefnisins – Krílakot og Dalvíkurskóli

Við teljum að verkefnið hafi gengið vel fyrir sig og að flestum markmiðum hafi verið náð. Við höfum veitt fræðslu til að efla þekkingu kennara og starfsmanna á tvítyngi og fjölmennningarlegu skólastarfi. Í viðræðum við Romu sem er höfundur bókarinnar kom fram að það sem mestu máli skiptir í vinnslu verkefni eins og LAP sé að stjórnendur séu áhugasamir og leiði verkefnið áfram, að allir kennarar og starfsfólk stefni í sömu átt og hafi áhuga og vilja til að vinna að því að stuðla að virku tvítyngi í skólanum. Það má segja að þetta snúist að mestu um áhuga og viðhorf. Eitt af markmiðunum var að þróa leiðir að vinnu með börnum og foreldrum og það höfum við gert. Við höfum prófað okkur áfram og gert breytingar á áætlun ef þörf hefur verið á. Við erum líka að þróa orðalista í leikskólanum sem við ætlum að senda heim með börnunum svo markvisst verði unnið með tungumálið í leikskólanum og heima, að foreldrar verði þátttakendur í að byggja brú milli tungumála og þannig ýti undir virkt tvítyngi og styðji við tungumál barnanna. Í slíkri vinnu græða foreldrar líka við að þýða íslensku orðin yfir á sitt tungumál og taka umræðuna við börnin. Þetta er ákveðin leið í íslensku kennslu. Niðurstaðan er að með aukinni vinnu og kynningu á verkefninu hefur viðhorf foreldra til fjölmenningar breyst. Aukin þekking hefur orðið hjá þeim sem að skólunum koma sem hefur leitt til jákvæðara viðhorfs og aukinnar víðsýni sem vonandi leiðir til minnkunar á fordómum og frekari þátttöku barna og foreldra af erlendum uppruna í samfélaginu.

Meira samstarf hefði mátt vera milli leikskólans og grunnskólans s.s. reglulegri fundir. Haldnir voru fundir í upphafi verkefnis og línurnar lagðar. Samráð var milli skólanna um merkingar og liti svo samfella yrði milli skólastiganna. Verkefnisstjórar ræddu saman á tímabilinu um framgang verkefnis og fóru yfir stöðuna auk þess að vinna að áfangaskýrslu saman. Áætlað er að enn frekara

LAP – virkt tvítyngi grunnur að betri líðan og betri námsárangri

samstarf verði milli skólanna í framtíðinni við mótun nýrrar fjölmenningsstefnu og áherslana í vinnu með virkt tvítyngi.

Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?

Verkefnið mun halda áfram í Krílakoti og í Dalvíkurskóla. Kynning var á LAP hjá leikskólum í Reykjavík af hendi Romu Chumak og hafa einhverjir leikskólar ákveðið að hefja vinnu með LAP. Einn skóli óskaði eftir samstarfi við Krílakot í umsókn sinni til sprotasjóðs en þar sem skólinn fékk ekki styrk varð ekki úr samstarfi en stjórnendur skólanna hafa verið í sambandi og rætt verkefnið sín á milli. Styrkur var veittur til Krílakots og Dalvíkurskóla frá Þróunarsjóði innflytjenda til áframhaldandi vinnu með LAP. Verkefnið heldur áfram út árið 2017 með það að markmiði að veita enn frekari fræðslu til kennara og starfsfólks skólanna og vinnu við að móta áætlanir og gögn sem send eru heim til að efla foreldra í að styðja við börn sín í námi.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Kynning á verkefninu hefur verið til foreldra í gegnum fréttabréf í báðum skólum og hefur leikskólinn útbúið kynningu á heimasíðu skólans:

<http://www.dalvikurbyggd.is/krilakot/verkefni/lap>

Drífa Þórarinsdóttir, verkefnisstjóri hefur kynnt LAP á tveimur ráðstefnum. Learning spaces for inclusion and social justice í október 2015 og Málörvun, læsi og fjölytngi í fjölmenningslegum skólum í apríl 2016. Kynning á verkefninu kemur út í lok janúar í bæjarblaði Dalvíkur og einnig er viðtal við Drífu Þórarinsdóttur verkefnisstjóra, á sjónvarpsstöðinni N4 í janúar, um LAP verkefnið og svo nýbygginguna við Krílakot. Kennarar frá Akureyri hafa komið í leikskólann og kynnt sér verkefnið, bæði í hópum og svo einstaklingslega sem er ánægjulegt.

Dalvík 21.01.2017



Drífa Þórarinsdóttir, verkefnisstjóri